

Gróðurathugun á vegarstæði að
fyrirhuguðum jarðgöngum undir
Almannaskarð

Guðrún Á. Jónsdóttir

Unnið fyrir Vegagerðina á Austurlandi

INNGANGUR	2
GAGNASÖFNUN	2
NIÐURSTÖÐUR	2
Gróðurlendi	2
Tegundir	2
UMRÆÐA	3
HEIMILDIR	4
VIÐAUKI - tegundalisti	

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar var gróður skoðaður á vegarstæði að gangamunnum fyrirhugaðra jarðganga undir Almannaskarð milli Skarðsfjarðar og Papafjarðar. Vegagerðin hafði beiðið um umsögn um gróður á vegarstæði sunnan Almannaskarðs. Norðan skarðsins liggur vegarstæði fyrirhugaðs vegar að gagnamunna að mestu mjög nálægt núverandi þjóðvegi. Milli stöðva 1500 og 1800 liggur vegarstæðið þó lítils háttar utan við það svæði sem þegar hafur verið raskað af vegagerð vegna núverandi þjóðvegjar og var það skoðað lauslega. Í þessari skýrslu er gróðri lýst, gerð grein fyrir helstu gróðurlendum og algengustu tegundum. Einnig er gerð grein fyrir hvort gróðurlendi teljist sérlega verðmæt eða sérstök og hvort fundist hafi sjaldgæfar tegundir á svæðunum.

Gagnasöfnun

Gróður var skoðaður 27. júní 2003 í góðu veðri og við góðar aðstæður. Við gróðurskoðun sunnan Almannaskarðs voru skráðar lýsingar á gróðurlendum, þau afmörkuð á loftmynd og gerður listi yfir helstu plöntutegundir sem sáust. Norðan Almannaskarðs var einungis skráð í hvaða gróðurlendi vegarstæðið liggur enda er það að mestu í veglínu núverandi vegar.

Farið yfir eldri skráningar á tegundum í reit þeim sem nær yfir fyrirhugað vegarstæði (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt). Skýrsla þessi byggir á vettvangsathugun 27. júní 2003 og eldri gögnum.

Niðurstöður

Gróðurlendi

Við vegarstæðið næst fyrirhuguðum vegskála sunnan Almannaskarðs er graslendistunga sem gengur upp í skriðuna. Graslendið er þarna grýtt og greinilega bitið. Helstu tegundir eru túnvingull, ilmreyr, vallarsveifgras og vallhæra. Graslendisræma af svipaðri gerð er ofan núverandi vegar á svæðinu frá vegskála u.þ.b. að stöð 3400 (1. mynd).

Neðan núverandi vegar er grýtt mosapemba með grasi og graslendisbörð á milli. Við stöð u.þ.b. 3360 er skorningur með mýragróðri. Þetta er hálfgerft flag þar sem mýrlendi kemur upp milli grasbreiða. Vestan við þennan mýrarskorning er graslendisræma en síðan tekur við mýrlendi eða deiglendi u.þ.b. frá stöð 3400 og að stöð 3700. Helstu tegundir í mýrlendinu/deiglendinu eru mýrastör, hrossanál og hálmgresi.

Fyrir vestan stöð 3700 skiptast á deiglendisblettir og flöt holt með graslendi og mosagróðri. Helstu tegundir eru hrossanál, mýrastör og á blettum tjarnastör þar sem rakara er en grös svo sem túnvingull blávingull, vallarsveifgras og ilmreyr þar sem þurrara er.

Norðan Almannaskarð liggur vegarstæði fyrirhugaðs vegar að gagnamunna að mestu mjög nálægt núverandi þjóðvegi. Milli stöðva 1400 og 1800 liggur vegarstæðið ögn utan við það svæði sem þegar hafur verið raskað af vegagerð vegna núverandi vegar. Þar er rýrt mólendi með mosagróðri, grasi og lyngi.


Tegundir

Tegundafjölbreytni er talsverð a.m.k. miðað við hversu lítið svæði var skoðað en alls fundust um 55 tegundir í gróðurskoðun sunnan Almannaskarðs 27. júní 2003. Ekki fundust sjaldgæfar tegundir eða tegundir sem settar hafa verið á valista (Náttúrufræðistofnun 1996). Ekki fundust í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands

skráningar á sjaldgæfum eða friðlýstum tegundum, í þeim reit, þar sem athugunarsvæðin liggja (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt).

Umræða

Svæðin við Almannaskarð sem til skoðunar eru í þessari athugun eru ekki sérstaklega fjölbreytt, hvorki hvað varðar gróðurlendi eða tegundir. Ekki er þar heldur um sjaldgæf eða sérstæð gróðurlendi eða tegundir að ræða. Þó má benda á votlendisjaðar á vegarstæði sunnan Almannaskarðs. Telja má að allt votlendi hafi nokkurt gildi þar sem votlendi á Íslandi hefur farið minnkandi. Votlendi hafa gildi fyrir fuglalíf og einnig er gróðurþekja þar að jafnaði heilleg og ekki sérstaklega viðkvæm fyrir jarðvegseyðingu svo lengi sem þau eru óröskuð.



Mynd 1 Gróðurfur við gangamunna fyrirhugaðra jarðganga undir Almannaskarð (Loftmyndir ehf. 2000)

Heimildir

Hörður Kristinsson 1986. *Plöntubandbókin. Blómplöntur og byrkningar*. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Loftmyndir ehf. 2000: Loftmyndir af Almannaskarði og nágrenni. Loftmyndir í eigu Vegagerðarinnar.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. *Válisti 1. Plöntur*. Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands. Óbirt. Gagnagrunnur um útbreiðslu plantna. Upplýsingar frá júní 2003.

Háplöntutegundir sem fundust við vegarstæði sunnan Almannaskarðs 27. júní 2003.
Nafngiftir skv. Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson 1986).

Íslenskt nafn	Latneskt nafn
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Belgjastör	<i>Carex panicea</i>
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>
Brjóstagrass	<i>Thalictrum alpinum</i>
Broddstör	<i>Carex microglochin</i>
Bugðupunktur	<i>Deschampsia flexuosa</i>
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>
Friggjargrass	<i>Platanthera hyperborea</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Gullsteinbrjótur	<i>Saxifraga aizoides</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Hálíngresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Hárdepla	<i>Veronica officinalis</i>
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymanii</i>
Hrafnastör	<i>Carex saxatilis</i>
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Klóffifa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Lyfjagrass	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Lækjagrýta	<i>Montia fontana</i>
Mjaðjurt	<i>Filipendula ulmaria</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýrasauðlaukur	<i>Triglochin palustre</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Mýrfjóra	<i>Viola palustris</i>
Sérbýlisstör	<i>Carex dioica</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>

Íslenskt nafn	Latneskt nafn
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Stjörnusteínbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Tjarnastör	<i>Carex rostrata</i>
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 740 Fjarðabyggð Sími 477-1774 Fax 477-1923 Netfang: na@na.is
Miðvangi 2 700 Egilsstaðir Sími 471-2813 Netfang na@na.is